



Alþingi

Erindi nr. **D 116 / 119**  
komudagur **14 / 9** 1992

11. september 1992

Efnahags- og viðskiptanefnd,  
Alþingi.

Í ráðuneytinu hefur verið farið yfir umsagnir frá eftirtöldum aðilum um frumvarp til laga um gjaldeyrismál (5. mál) og frumvarp til laga um innflutning (6. mál):

Verðbréfaþing Íslands, 10. júlí 1992  
Samband íslenskra tryggingarfélaganna, 15. júlí 1992  
Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna, 17. júlí 1992  
Íslensk verslun, 17. júlí 1992  
Félag rækju- og hörpudiskframleiðenda, 21. júlí 1992  
Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, 26. júlí 1992  
Verslunarráð Íslands, 26. júlí 1992  
Neytendasamtökin, 30. júlí 1992  
Ríkisskattstjóri, 12. ágúst 1992  
Samband íslenskra viðskiptabanka, 25. ágúst 1992

Rétt er að undirstrika að umsagnirnar eru um frumvörpin eins og þau voru lögð fram á 115. löggjafarþingi. Í flestum tilvikum kemur það ekki að sök þar sem óverulegar breytingar voru gerðar á frumvörpunum áður en þau voru lögð fram að nýju á 116. löggjafarþingi. Þó á athugasemd Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna um gjaldtöku fyrir veitingu leyfis til gjaldeyrisviðskipta ekki lengur við þar sem ákvæði þar að lútandi hefur verið fellt brott. Svipað gildir um athugasemd þessara aðila við lokamálslið 9. gr. frumvarpsins en orðalagi þeirrar greinar hefur verið breytt.

### *Umsagnir um einstakar greinar frumvarps til laga um gjaldeyrismál*

#### 3. gr.

Samband íslenskra viðskiptabanka telur að heimild til að stöðva skammtímahreyfingar fjármagns til og frá landinu sé of víðtæk þar sem beita megi henni á ný að loknu hverju sex mánaða tímabili. Ráðuneytið bendir á að við samningu ákvæðisins var höfð hliðsjón af 3. gr. tilskipunar Evrópubandalagsins um fjármagnshreyfingar (Tilskipun ráðsins 88/361/EBE frá 24. júní 1988 um framkvæmd 67. greinar sáttmálans) en hún er hluti af EES-samningnum, sbr. XII. viðauka hans. Einnig skal bent á að beiti Ísland þessu ákvæði kemur það að til skoðunar innan EES-nefndarinnar eins og beiting annarra varúðarákvæða. Þar mun þess sjálfsagt verða gætt að íslensk stjórnvöld beiti þessu ákvæði ekki lengur en brýna nauðsyn ber til.

Samband íslenskra viðskiptabanka bendir einnig á að orðalag ákvæðisins sé e.t.v. of afdráttarlaust þar sem einungis er rætt um stöðvun fjármagnshreyfinga og því vanti svigrúm til að innlendir aðilar geti staðið við gerðar skuldbindingar. Ráðuneytið tekur undir ábendingu Sambandsins um að heppilegra sé að nota í staðinn orðalagið takmarka eða stöðva. Upphaf 3. gr. gæti því orðast svo:

"Seðlabanka Íslands er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., að ákveða að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið að takmarka eða stöðva í allt að sex mánuði einhverja eða alla af eftirtöldum flokkum fjármagnshreyfinga ...."

4. gr.

Samband íslenskra viðskiptabanka og Verslunarráð Íslands telja að þessi grein frumvarpsins sé óþörf þar sem takmarkanir á þessum sviðum komi fram í öðrum lögum. Ráðuneytið telur hins vegar að ákvæðið sé nauðsynlegt þar sem í 2. gr. frumvarpsins er skilið á milli fjármagnshreyfinganna sjálfra (t.d. heimilda til að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi) og gjaldeyrisviðskiptanna vegna þessara fjármagnshreyfinga. Því telur ráðuneytið eðlilegt að ráðherra hafi ótvíræðar heimildir til að laga gjaldeyrisreglurnar að lagaákvæðum um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri og kaup þeirra á fasteignum hér á landi þannig að fyllsta samræmis sé gætt. Hins vegar mætti hugsanlega orða ákvæðið með öðrum hætti þannig að þetta kæmi skýrar fram:

"Viðskiptaráðherra er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., að ákveða í reglugerð að takmarkanir gildi um gjaldeyrisviðskipti vegna einhverra eða allra af eftirtöldum flokkum fjármagnshreyfinga ...."

5. gr.

Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna telja að fella eigi niður heimild til að viðhalda skilaskyldu erlends gjaldeyris allt til ársloka 1994. Í athugasemdum þeirra er bent á að slíkt ákvæði samræmist ekki fyrirætlunum um að þróa frjálsan gjaldeyrismarkað hér á landi. Ráðuneytið telur hins vegar rétt að ráðherra hafi heimild til að setja reglur um skilaskyldu þannig að unnt sé að rýmka hana í áföngum eftir því sem gjaldeyrismarkaður þróast. Rétt er að benda á að í drögum að reglugerð um gjaldeyrisráðgjafi í fylgiskjal I með frumvarpinu koma reglur um skilaskyldu fram í 15. gr. Þar er gert ráð fyrir að þeir sem hafi heimild til að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti (þ.e. einkum bankar og sparisjóðir) verði undanþegnir skilaskyldunni. Þar með getur myndast millibankamarkaður með gjaldeyri en það er einmitt fyrsta skrefið sem fyrirhugað er að stíga í átt til frjáls gjaldeyrismarkaðar hér á landi.

Samband íslenskra viðskiptabanka bendir á að takmarkanir á skammtímahreyfingum fjármagns muni ekki virka þar sem fara megi framhjá þeim með kaupum og sölum á hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða. Það er rétt ábending að vonlaust er að koma algerlega í veg fyrir skammtímahreyfingar fjármagns en hins vegar má draga úr líkum á þeim með takmörkunum af því tagi sem heimilaðar eru í 5. gr. frumvarpsins. Fyrirmyndina að upptalningunni í 5. gr. frumvarpsins er að finna í fyrrgreindri tilskipun Evrópubandalagsins um fjármagnshreyfingar og er þar byggt á alþjóðlega viðurkenndri flokkun á fjármagnshreyfingum. Benda má á að þau fjögur ríki Evrópubandalagsins (Grikkland, Írland, Portúgal og Spánn) sem búa við "vanþróaðri" peninga- og gjaldeyrismarkað en hin átta fengu á sínum tíma heimild til að viðhalda hömlum á þessum flokkum fjármagnshreyfinga. Einnig má benda á að Norðurlandþjóðirnar hafa allar kosið að fara þá leið að aflétta fyrst hömlum á langtímahreyfingum fjármagns á undan hömlum á skammtímahreyfingum fjármagns. Í XII. viðauka EES-samningsins kemur fram að Íslandi er heimilt að viðhalda hömlum á þessu sviði til ársloka 1994. Því þykir rétt að hafa ótvíræða lagaheimild þar að lútandi í lögum um gjaldeyrisráðgjafi þótt svo kunni að fara að hún verði ekki nýtt að fullu.

Ráðuneytið tekur ekki undir tillögu Sambands íslenskra viðskiptabanka um breytingu á orðalagi 5. gr. þar sem yfirleitt er unnt að innleysa hlutdeildarskírteini með skömmum fyrirvara.